

Skólaheimsóknin er farin með styrk úr Vísinda / endurmenntunarsjóði Félags framhaldsskólakennara.

Þátttakendur:

Forstöðukonur / fararstýrir: Annette de Vink og Halla Sigurðardóttir

Ferðalangar / viðhengi:

Kristín S. Árnadóttir, Elín Björk Unnarsdóttir, Anna María Steinke, Björk Guðmundsdóttir, Karín Sveinbjörnsdóttir, Hermann Óskarsson (HA), Ragnheiður Þórsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Emilía Baldursdóttir, Þórdís Jónsdóttir, Valgerður Guðlaugsdóttir, Kristján Davíðsson, Þorleifur Jóhannsson, Olga Ellen Einarsdóttir (Hrafnagilsskóla), Ævar Ragnarsson, Ragna Pálsdóttir (Lundarskóla), Kolbrún B. Viggósdóttir, Anna Friðjónsdóttir, Hilmar Friðjónsson, Árni Hrólfur Helgason, Börkur Már Hersteinsson, Sveina Björk Jóhannesdóttir, María Albína Tryggvadóttir, Sólveig Þóra Jónsdóttir og Jóhannes Árnason.

Sunnudagur 2. júní 2013

Við byrjuðum á bílplaninu við VMA fyrir kl. 8.00. Þar mættu 18 af ferðalangum. Kristján Davíðsson ók nýlegri SBA rútu. Fórum af stað um kl. 08.10.

Elín kom í rútna við Dalvíkurfleggarann.

Lítil umferð, hitinn um 10 stig og gekk á með skúrum og sólarglennum.

Við ókum rakleitt í Staðarskála og komum þar um kl. 10.50. Stoppuðum í 20 mínútur og héldum af stað á Holtavörðuheidi um kl. 11.10.

Kristín S. Árnadóttir kom um borð á bílplaninu við Hvalfjarðargöngin, hafði verið á sundmóti á Akranesi, var að fylgja ungið þar. Við stoppuðum næst í aðalstöðvum SBA í Hafnarfirði. Þar fengum við bílstjóra til að taka rútna aftur frá Keflavík. Árni Hrólfur og Sirrý bókastýra bættust við.

Komin að flugstöðinni um kl. 14.15, ekki hægt að hugsa sér betri tíma. Innritun gekk greiðlega og allir tóku smá skammt af Duty Free og mat. Mættum kl. 16.00 að hliði 8 og fórum af stað nákvæmlega kl. 16.30 samkvæmt áætlun með Icelandair flugi FI504 til Amsterdam.

Icelandair þotan var þægileg og nóg pláss. Á mörgum stöðum höfðu hverjir tveir þrjú sæti því þotan var alls ekki full. Við lentum í Amsterdam rétt uppúr kl. 21 að staðartíma.

Töskurnar komu frekar fljótt og við hittum rútna utan við flugstöðina. Það tók um hálf tíma að aka frá Schiphol til Almere.

Almere er splunkuný borg. Fyrstu húsin byggð 1976.

Hótel Apollo er við vatn í miðborginni. Húsið er sérstakt og við innrituðum okkur í mjög sérstakri fyrstu hæð sem er eins og kúla neðan í stórum kassa þar sem herbergin eru ofan við.

Við hittumst aftur kl. 11 til að fara yfir dagskrá morgundagsins. Ákveðið var að taka leigubíla en ekki fara í strætó. Það væri betri leið til að komast örugglega á réttan stað.



Sum húsin í Amsterdam eru gömul og halla talsvert.



Í Almere eru húsin ný en sum þeirra halla líka.

Mánudagur 3. júní 2013

Morgunverður á Hotel Apollo, vel útlátinn og hægt að velja ýmislegt.

ROC Flevoland Almere Buiten.

Tókum leigubíla að skólanum, tók ca 15 mínútur.

Kees van Eijk og fleiri tóku á móti okkur.

Einn sýndi okkur að hann notar símann sinn til að setja á tjaldið efnið sem hann notar, lista yfir nemendur og svo frv. Hann sýndi okkur stutta videomynd af Flipped classroom.

Hann ræddi meðal annars um það að nota þessar aðferðir t.d. í stærðfræði.

Notar Facebook til að koma skilaboðum til hópsins.



Hótelið okkar í Almere.

Kees útskýrði skólakerfið í Hollandi. Grunnskóli til 12 ára aldurs.

13 ára eru nemendur greindir sundur að sumu leyti eftir bóknámseiginleikum.

VWO þau sem eru best í bóklegu og fara í undirbúning fyrir háskólanám 13 – 18 ára.

HAVO almennur undirbúningur fyrir frekara nám. 13 – 16 (18) ára

VMBO er verknámsundirbúningur, minni áhersla á fræðilega þætti 13 – 16 ára.

MBO er aðallega verknámsskóli fyrir 16 ára og áfram.

Middelbaar Beroepsonderwijs (Verknámsskóli á framhaldsskólastigi = VMA).

ROC Flevoland er slíkur skóli.

<http://website.roclevoland.nl/>

Kees talar mikið um mismunandi Level, frá Level 1 og til Level 4. Þetta er það sem við höfum talað um á Íslandi sem hæfniprep. Margir nemendur byrja á fyrsta og öðru þrepi en sumir byrja strax að vinna að því að ljúka námi á þriðja eða fjórða þrepi.

BBL og BOL

BOL nemendur eru í skólanum allt fyrsta árið, en á öðru ári er verið að undirbúa þau undir að vera á vinnustað. Þá eru þau á vinnustað einn til tvo daga í viku en síðan í skólanum. BBL þá eru nemendur að mestu á vinnustað en koma einn dag í viku í skólann strax frá byrjun námsins.



ROC Almere Buiten (Verkmenntaskóli), gangur milli verkstæða og kennslustofa.

Fimm gerðir náms.

Aðstoðarmanna menntun, starfsnám. 1 þrep. Grunnstarfsmenntun 2. þrep. ???

Og endar með 4. þrepi ef nemendur vilja verða sérfræðingar.

Mikil tengsl við fyrirtæki og allskyns vinnustaði.

Vinnustaðanám er mjög mikilvægur hluti námsins.

Kennari heimsækir nemanda á vinnustað og metur nemandann.

Kennarar fylgjast þannig vel með hvernig störfin breytast.

Um námskrána eða hæfniviðmið (competences and qualification framework).

Knowledge centers eru miðstöðvar sem skrifa hæfnimarkmiðin, nokkurskonar starfsgreinaráð sem segja til um það hvaða hæfni þarf að vera til staðar og hvað þarf að kenna í skólum og á vinnustöðum í ákveðnu námi.

Margir nemendur eða ca 25% nemenda vilja fara til annarra landa í vinnustaðanám.

Hér má nefna að franskur skóli hefur óskað eftir því að nemendur frá þeim skóla sem kennir meðal annars aðstoðarfólki fatlaðra hefur beðið um að fá að hafa nemendur í vinnustaðanámi við starfsbraut VMA í einhverjar vikur haustið 2013.

Vinnustaðir vilja mun frekar sjálfstæða nemendur og síður þá sem bara hlusta og bíða eftir frekari fyrirmælum. Vinnustaðir vilja að nemendur geti sjálfir séð framvinduna í starfinu. Einnig að nemendurnir geti sjálfir fundið upplýsingar og séð hvað á að gera næst.

Hér kom greinilega fram að námið er á ábyrgð þriggja aðila. Skólans, nemandans og vinnustaðarins. Allir þessir aðilar vinna saman og skólinn skipuleggur alla hluta námsins. Það er ekki látið í hendur nemandans að útvega sér vinnustaðanám heldur gerir sérstök miðstöð í skólanum það. Til dæmis má nefna að sjúkraliða / hjúkrunarnám í ROC Almere Buiten er með sérstakt fólk í að sjá um vinnustaðanám nemenda þeirra, bæði til að finna pláss fyrir nemendur og líka til að fylgjast með nemendum, ræða við þá starfsmenn sem sjá um nemendur á vinnustað og meta frammistöðu nemenda. Þetta er líklega í svipuðum dúr og sjúkraliðabrautin í VMA gerir en í Almere er vinnustaðanámið sennilega stærri hluti námsins og rekst ekki á við annað í náminu.

Lokapróf: Hér í þessum skóla er mun meira gert af því að meta frammistöðu nemenda án þess að nota skrifleg lokapróf. Nemendur eru frekar metnir við raunverulegar aðstæður eða aðstæður sem eru settar upp í skólanum. Nýja menntunin gerir þær kröfur að skólarnir vinni með öðrum vinnustöðum.



ROC Flevoland auglýsir utan á skólanum.

Jaan Vissen. Kennir hagfræði / economics.

Nemendur The power plug student. Hann fjallar um nemendur sem eru vanir umhverfi sem skólinn miðar ekki við. Kennari gerir ráð fyrir að allir taki eftir og hann geti fært þekkingu til nemenda. Það virkar bara ekki.

Nemendur með bók og glósubók. Taka lítið eftir og gera lítið með kennslubækurnar. Nemendur eru í stöðugu sambandi og safna upplýsingum og tengslum.

Í byrjun á alls ekki að nota tölvur eða síma því kennarinn vill athygli. Ef nemendur eru með síma og tölvur eru þeir að gera alla mögulega hluti. Þeir ættu að geta leyst vandamál, ættu að geta haft áhuga á viðfangsefnum ef þau fá tækifæri til að vinna í náminu, ef kennarinn sleppir af þeim hendinni. Þeir vilja meina að nemendur læri meira því þeir eru að vinna meira með námsefnið. Í sumum skólum hafa menn farið að sumu leyti afturábak þannig að teknar voru upp bækur aftur ásamt með tölvutækniinni því nemendur kvörtuðu um að þeir gætu ekki fengið upplýsingar. Það þarf þess vegna að læra við hvaða aðstæður nýja tæknin hentar og hvenær ekki.

Hvaða kerfi er í skólanum? Apple, Linux, Android,? Það þarf að velja betur hvaða kerfi er notað í skólanum segir Jaan. Hafið tilgang með að nota tölvur mjög skýran. Hafið reglur um notkun á tækjum. Áður en kennslustundin byrjar þarf athygli. Athugið hvort nemendur eru að nota tölvurnar við námið eða hvort þeir eru að gera eitthvað annað. Er misnotkun líkleg? Já.



Tilraun til að sýna kort af svæðinu sem við förum um. Flevoland er fylkið sem var áður sjór. Það er með gulum/gráum grunnlit.

Eftir fyrirlesturinn fengum við kaffi og fórum svo í strætó í gegnum endilanga Almere, meðal annars framhjá miðbænum þar sem hótelið okkar er. Strætóinn fór að hluta til eftir götum sem eru eingöngu fyrir taxa og rútur. Einkabílar fara yfir þessar götur á mörgum stöðum en þurfa alltaf að víkja.

Við vorum í strætó á vegum þeirrar deildar sem kennir aðhlynningu og hjúkrun. Við heimsóttum hjúkrunar / elliheimili sem skólinn sér að hluta til um með því að hafa nemendur að störfum í vinnustaðanámi. Við gengum um svæðið í þremur hópum, fengum að skoða mismunandi hluta, ræddum við nemendur og fræddumst um það hvernig námið er skipulagt.



Við fórum svo í strætó til baka í ROC Flevoiland í Buiten hluta Almere. Þar fengum við ýmsar gerðir af samlokum og ávöxtum í hádegismat.

Fyrirverandi eyjan Urk. Mesta náttúrulega brekka sem við sáu í Hollandi.

Ferðalag til Urk

Eftir hádegisdag tóku svo við þrjár stúlkur sem eru að ljúka námi á ferðamálabraut. Þær heita: Marjolein Staal, Shirley van de Kamp og Jessica Rijff. Tvær þeirra halda svo áfram í námi í HBO sem er fagháskóli. Sú þriðja fer að vinna á Schiphol flugvelli.

Skoðunarferðin var hluti af lokaprófi þeirra. Kees van Eijk er alþjóðafulltrúi í skólanum og hann nýtir stundum nemendur úr ferðamálanáminu þegar hann tekur á móti gestum eða heldur fundi í samstarfsverkefnum. Hann kom með í ferðina.

Við fórum í rútuferð frá Almere í norðausturátt eftir vegi A6 framhjá Lelystadt og beygðum að litlum bæ á norðurhluta Flevolands. Bærinn kallast Urk. Þessi bær var eyja í IJsselmeer, manngerða vatninu sem var áður fjörðurinn Zuiderzee. Árið 1932 var lokið við varnargarðinn Afsluitdijk sem lokaði þessum firði. Eftir það var farið að þurrka upp land þar sem hafði verið sjór. Þannig varð til héraðið Flevoland.

<https://is.wikipedia.org/wiki/IJsselmeer>



Urk varð sem sagt landtengd eyja en hafði áður verið mjög sérstætt samfélag og stúlkurnar sögðu að ennþá yrði fólk vart við að gestir væru ekkert sérlega velkomnir í Urk, (aðkomumenn!!!!??).

VMA konur á göngu í Urk.

Við gengum um bæinn og dvöldum við höfnina og gamla hlutann.

Við höldum svo áfram í rútunni að annarri fyrirverandi eyju, Schokland. Við fengum heilmikla sögu byggðar þar sem hafði átt í vök að verjast á 19. öld.

<http://en.wikipedia.org/wiki/Schokland>

Rétt er að minnast á að líklega hefur þessi fyrirverandi fjörður Suiderzee, verið láglent myrlendi fyrir 1000 árum en gífurleg flóð, meðal annars á 12. og 13. öld færðu svæðið í kaf í sjó.

Rútubílstjórinn skilaði hópnum svo á hótelið við mikil fagnaðarlæti því þá þurftum við ekki sjálf að koma okkur frá skólanum að hótelinu. Komin á hótelið um kl. 17.

Talsverður hluti hópsins ákvað að fara í mat saman og einhverjir fengu það hlutverk að panta borð. Fyrir valinu varð Bobbie Beer. Þetta er grill og bauð sérstaklega uppá svínaríf þennan daginn. Við borðuðum vel

og svo voru einhverjir fegnir því að leggja sig.

Þriðjudagur 4. júní 2013

Frídagur í ferðinni, ekki skipulögð dagskrá í skólaheimsókn.

Allnokkur hópur hafði mælt sér mót utanvið hótelið rétt fyrir kl. 10 og svo var labbað á lestarstöðina. Það er um 10 mínútna gangur. Við keyptum lestarmiða fram og til baka til Amsterdam á 11.40 Euro á mann. Lestir fara nokkrum sinnum á klukkutíma og ýmist Intercity sem stoppar ekki á leiðinni, 21 mínúta, eða Sprinter lestir sem stoppa á nokkrum stöðum, 33 mínútur. Lestirnar eru frábærar.

Utanvið aðal lestarstöðina í Amsterdam skiptist hópurinn. Sumir fóru í leigubíl á Van Gogh safnið, aðrir byrjuðu á bátsferð og svo fór dagurinn í að ganga um, sigla, skoða söfn, heimsækja mismunandi hverfi svo sem rauða hverfið og Jordaan hverfið, ferðast í hestvagni og margt fleira. Amsterdam er sérstök að því leyti hvernig húsin eru, örmjó og flest 3 – 5 hæðir. Mannlífið er fjölbreytt og síkin gera umhverfið miklu meira í þrívídd. Um það bil 2.500 bátar á síkjunum eru íbúðir og gaman að sjá þá frá síkinu úr bátunum sem margir fóru í skoðunarferðir með.

Flestir komnir á hótelið um kl. 21. Smá fundur kl. 22 þar sem farið var yfir dagskrá miðvikudagsins.

Miðvikudagur 5. júní 2013

Dagskrá:

Heimsóknir til skóla í Hilversum og í Emmeloord.

Fimm þátttakendur rifu sig upp snemma til að taka lest og rútu til Emmeloord en það voru 21 sem fóru í lest til Hilversum. Það var 27 mínútna ferð.



Síkin í Amsterdam eru glæsileg.



Reiðhjólin lenda stundum í síkinu.

Í **Emmeloord** var farið í heimsókn í **two skóla**. Þórdís, Elín, Anke-Maria, Emilía og Annette heimsóttu tvo skóla þar, Emelwerda College, framhaldsskóli (VMBO, HAVO og VWO) sem býður upp á 'technasium' sem er þverfagleg námsbraut fyrir nemendur á HAVO/VWO línunni. Og svo Zonnebloemschool sem er skóli fyrir 'starfsbrautarnemendur' frá 4-20 ára. Við heimsóttum hluta skólans sem sinnir starfsnámi f. nemendur 16-20 ára.

Í Hilversum voru heimsóttir tveir staðir. HKU og Educate2XL.

Í Hilversum er ein deild listaháskólans í Utrecht.

Hogeschool voor de Kunsten Utrecht - HKU - Hilversum.

Lisette Boeren, John Hennequin og Stefan Rops tóku á móti okkur þegar við vorum búin að fara í lest frá Almere Central kl. 09:09 og komum til Hilversum Sportpark stöðvarinnar 09:36 og röltum þaðan í skólann.

Byrjað á kaffi og svo sá John um að kynna hvar í skólakerfinu við erum stödd.

Þau sýndu stutt myndband um háskólamenntunina bæði Universities og HBO skóla eða fagháskóla. HKU skólinn er HBO fagháskóli. Higher Vocational Education. Hoger Berufs Ondervijnsning.

Í þessum skólum er mikið notast við problem based learning.

HKU Utrecht er stærsti listaháskólinn í Hollandi

Hogeschool voor de Kunsten Utrecht er nafnið á skólanum eða HKU. Utrecht Hilversum og Amersfoort.

Í Hilversum er deild fyrir Art Media and Technology.
Games and interaction er stór þáttur skólanum en aðrir þættir eru, Media og Music.

Fyrstu tvö árin eru nemendur í sínum námslínunum en meira er unnið í samsettum hópum tvö seinni árin. Seinasta árið er mikið unnið að því að athuga og þróa hluti og þar koma líka inn nemendur úr fræðiháskólum inn í hópana til að vinna í verkefnum.

Fyrri tvö árin eru nemendur að læra það sem þeir velja sér sem sína sérgrein t.d. að verða kvikmyndatökumenn. Síðari tvö árin fara í að tengja það nám við hagnýt verkefni. Fyrri misseri þriðja ársins eru nemendur í vinnustaðanámi og á seinna misserinu er unnið að ákveðnum verkefnum í blönduðum hópum. Það sama er gert fyrra misserið á fjórða ári en síðasta misserið fer í lokaverkefni nemendans. T.d. gæti verið að lokaverkefni kvikmyndatökumanns sé að sjá um myndatöku í tveimur stuttmyndum sem aðrir nemendur skrifa handrit að og klippa og hljóðblanda.

Ætlast er til að nemendur vinni að hagnýtum verkefnum í hópum á þriðja og fjórða árinu. Þar koma inn margir partnerar t.d. fyrirtæki, sófn og fleiri.

40% creative industries

20% cultural heritage.

85% verkefnanna eru multidisciplinary þar sem koma saman nemendur af mismunandi námslínunum í skólanum og skila þá sínu hlutverki sem sérfræðingar en um leið sem hluti af hópi sem vinnur saman að verkefni.

Sýndi dæmi um video þar sem einn hópurinn sýndi sjálfa sig sem dæmi um nemendur með mismunandi bakgrunn og stereotýpur.

John sýndi okkur líka glæru um það hvernig verkefni virkar.

90% verkefnanna er lokið með viðeigandi hætti. Alltaf verið að vinna með einhverjum utanaðkomandi aðila. Ef beðið er um mjög þróaðar afurðir þá þarf aðilinn að leggja til meiri peninga fyrir tæki og efni en ef verkefninu er skilað á ódýru formi þá eru notaðir minni peningar. Þau ræddu mikið um mikilvægi hópavinnunnar þar sem koma upp erfiðleikar en líka verður til eitthvað sem hefði ekki getað orðið til án hóps.

Nowadays artists are primarily creative professionals. They need to be entrepreneurs in order to reach their public and fulfil their mission.

John útskýrði að þessir tveir mismunandi háskólar, fræðilegi og hagnýti eru að nálgast og læra hvor af öðrum.

“Our students are more clever. They are artists but also practical.”

Grunngildi skólans er að espa nemendur uppí að verða listamenn sem skila samfélaginu verðmætum með því að þróa skapandi og nýstárlegar afurðir með því að nota nýja tækni.



Mosaikbekkur í Almere.



Dæmi um húsín í miðbæ Almere.

John sýndi okkur video af vefsíðu skólans.

Við fengum líka að sjá stutta mynd um verkefni sem nemendur unnu fyrir utanríkisráðuneytið og var á formi fimm stuttmynda um Evrópu.

Annað dæmi var að búa til tölvuleik um stríðstíma á 16.

öld í Hollandi. Þá urðu til virkisborgir á nokkrum stöðum í landinu.

Utanaðkomandi aðilinn voru samtök virkisborga í Hollandi. Verkefnið fólst þá í því að sérfræðingar á ýmsum sviðum komu saman og þróuðu leik fyrir tölvur sem fjallaði um líf í virkisborgum og hvernig þær urðu til.

Inntaka nemenda.

Þau velja sér nemendur í hópi umsækjenda. Valið byggst mest á því mati að nemendur geti haldið áfram að þróast. Sumir koma með mikla reynslu en hafa litla möguleika á að þroskast en aðrir hafa litla reynslu en hafa samkvæmt matinu greinilega möguleika á að þroska sig sem skapandi listamann. Þá eru meiri líkur til að nemendur úr seinni hópnum komist inn.



Mikið hjólað í Hollandi. Reiðhjól við háskóla í Amsterdam, virtust ekki mörg bílastæði í boði.

Stefan er nemandi við skólann og sagði að hann hefði mjög mismunandi reynslu af þeim tveimur hópverkefnum sem hann tók þátt í. Fyrri verkefnið tókst vel en aðilinn var ekki ánægður. Hitt verkefnið tókst alls ekki eins vel. Þar átti að þróa hugmyndir en ekki skila afurð. Aðilinn var mjög ánægður. Stefan gat meðal annars notað sér tímann og hugmyndir í lokaverkefnið. Þeir fengu samt ekki eins góða einkunn fyrir þetta verkefni.

Við kvöddum HKU um kl. 12 og þá tók við heimsókn í **Educate2XL** sem er einkafyrirtæki sem skipuleggur og vottar menntun fyrir afburðabörn K – 12 (6 – 18 ára aldur).

Þau sjá um að þjálfra kennara og þegar skilyrðum er náð kallast þessir skólar Leonardo skólar.

Byrjuðu 2007. Foreldrar og aðrir gátu þá ekki leitað til neinna þegar þessi börn áttu í erfiðleikum.

Natassa er framkvæmdastjóri og á afburða barn. Henk er kennari og skólastjórni og hafði verið að vinna með afburðabörn.

<http://educate2xl.nl>

Skólarnir eru venjulegir skólar en hafa sérstaka bekkir fyrir afburðabörn.

20 nemendur í hverjum hópi. IQ 130 og uppúr. Mjög erfið börn að vinna með. Educate2XL sér um að þjálfra kennarana og fylgast með starfinu. Fyrirtækið er líka að þróa námsefni og annað sem þarf til að hægt sé að fylgja aðferðunum sem þau vinna með.

Þau segja að þetta starf skili árangri og að þessum börnum gangi betur núna í skóla en áður hafði verið. Börnunum líður betur, þau þurfa líka fá að reyna sig í náminu, námið ögrar þeim og þau fá viðfangsefni sem hentar þeirra hugsun og reynir á hæfileika þeirra meira en gert er í venjulegu skólastarfi.

Michael Gladwell 10.000 hours kom til tals en það er bók sem bæði Hilmar og Henk ræddu um sem skýrir út hvernig afburða fólk verður til..



Harlemmerdijk í / við Jordaan hverfið í Amsterdam.

Sum þessara barna verða fyrir einelti. Til eru 6 – 7 ára börn sem vilja ekki lifa lengur.

Verið er að aðstoða þau við að átta sig á sérstöðu sinni og glíma við hana.

Natasa sagði frá muninum á milli stráka og stelpna. Strákar fara þá leið að láta hæfileikana sjást og þessvegna eru þeir mikill meirihluti nemenda í þessum bekkjum 70 – 80%. Stúlkurnar láta mun minna bera á afburða hæfileikum sínum. Mun hættara er við að þær fylgi straumnum og þannig glatast að nokkru leyti hæfileikar þeirra vegna þess að þær fá ekki að reyna sig og glíma við viðfangsefni við hæfi.

Natasa sagði að sum afburða börn fái ekki athygli meðal annars vegna þess að þau glíma við t.d. Asperger eða annað sem gerir barnið sérstakt. Þau geta ekki sinnt öllum þessum börnum. Þau viðurkenndu fúslega að þeirra aðferðir væru ekki allshersjar lausn á öllu í skólum en þau sögðu að það hlyti að vera mikilvægt fyrir þjóðfélög að geta proskað óvenjulega námshæfileika þannig að þjóðfélagið njóti þessara einstaklinga við störf sem við þurfum afburða fólk í.

3500 börn alls eru komin í þessa bekki og sum þeirra eru að fara uppúr grunnskóla við 12 ára aldur. Þau segja að spurningarnar og lausnirnar á eldri stigum komi mjög líklega þegar foreldramir fara að óska eftir og fara fram á að börnin fái þjónustu. Þá munu verða einhverjar breytingar í VWO skólunum eða öðrum skólum sem taka við nemendum við 13 ára aldur. Skólakerfið mun verða erfitt því stöðluð próf eru sett á ákveðna tíma eða aldur.

Henk setti upp dagskrá til að fjalla um það sem við þurfum að heyra.

Að skilgreina hvað eru afburðabörn og svo frv.

Nokkrar tölur.

Hvaða menntunarpárfir hafa börnin?

Námskrá og viðfangsefni.

Rætt var um hvernig dóttir Natösu gekk, hún er stereotýpisk ljóska og henni gengur mjög vel í þessu umhverfi, hún er flink í samskiptum og þetta kerfi hentar henni. Natasa sagði að ef hún hefði ekki tekið eftir henni við fjögurra ára aldur hefði líklega ekki liðið á löngu þar til hún hefði bara falið inn í hópinn og hún hefði alls ekki fengið svona tækifæri til að þroska hæfileika sína í skóla.



Nýjar byggingar í Almere en samt fjölbreyttar.

Nemendur eiga að fá örvun, ögrun og hvatningu til að leggja sig fram.

Það er mjög algengt að afburðabörn eru mjög næm á umhverfið og verða mjög auðveldlega fyrir truflun og eiga oft erfitt með að glíma við það þegar ekki gengur að gera allt.

Kennararnir finna mjög mikla breytingu á sér og starfi sínu. Sumir kennarar þola þetta en margir ekki. Kennarar þurfa að sækja um að verða kennarar slíkra hópa.

Hvað með skólana sem hafa þetta námstilboð? Er spennan í skólanum varðandi þetta námsframboð? Þau sögðu að það hefði stundum byrjað þannig. Svo kemur í ljós að þessi kennsla er miklu erfiðari en bútakennslan eins og oftast er unnið í skólum. Þá fara raddir innan skólanna að þagna. Þau miða við að allt sem gert er fyrir þetta prógram á að skila sér til skólans í heild.

Rætt var um hvernig hægt er að sjá að börn eru afburðabörn. Henk sagði að hann sæi það á örfáum mínútum en það þarf eiginlega samt að útbúa einhver próf eða staðlað mat.

Skilgreiningar.

Giftedness er afmarkað með þremur atriðum.

IQ hærra en 130, total IQ. En hér er ekki sett ákveðin tala ef hin skilyrðin eru uppfyllt.

Mun mikilvægara að skoða skapandi hugsun, að leysa erfið vandamál. Og vilji til að gera og vilja gera.

Tölur.

Þröng skilgreining á giftedness gefur 2,5%

Líklega mun stærri hluti eða allt að 5% eru í þeim hópi sem fær ekki þá áskorun sem þau þurfa í skóla. (ca 60.000 nemendur í Nederland.) og þau þjóna 3.300

Í framhaldsskóla eru líklega fleiri eða 30 – 40 % sem ekki fá áskorun við hæfi.

Námsþarfir.

Venjuleg menntun gefur smábúta af menntun en það dugar alls ekki þeim sem bera af. Þau þurfa samhengi og breiðari mynd.

Henk sagði dæmi um kennslu í metrakerfinu. Að sýna þeim myndir af tveimur skipum og upplýsingum um hversu mörg metric tonn þau eru og þá munu nemendur vinna með metrakerfið og finna út hvernig það er í staðinn fyrir að kenna þeim um einingar hverja fyrir sig. Þetta kallaði Henk að kenna “from the top down”, og hann segir að ekkert menntakerfi virki þannig. Hann sagði líka að afburðabörn neiti að taka þátt í hinni gerðinni “from bottom up”.



Bátar líka í Urk.

Hann talaði um nokkra eiginleika afburðabarna. Skilja hluti eins og kaldhæðni mun fyrr en aðrir. Þau hafa hyperfocus þ.e. geta einbeitt sér að ákveðnum hlutum í langan tíma og þessu er ruglað saman við Aspergereinkenni. Þsað gæti þá verið að einstaklingur sem við álitum vera einhverfur að einhverju leyti sé einfaldlega að einbeita sér að ákveðnu atriði svona miklu lengur en við erum vön að sjá.

Stundum eru afburðabörn greind sem ADHD börn eða álitin vera ADHD. Þau sem eru afburðagreind eru farin að búa til allskyns hugmyndir og sögur í huganum sem þau geta hreinlega ekki sagt frá og ekki útskýrt hvað þau eru að segja. Þriggja ára eða fjögurra ára barn sem komið er langt af stað að skilja heiminn í kringum sig á líklega ekki orðin til að lýsa því hvaða hugmyndir það er að vinna með. Það getur leitt til mikillar óþreyju sem stundum er að lokum greind sem einhver tegund af misþroska eða ADHD (Attention Deficit and Hyperactivity Disorder = Athyglisskortur og ofvirkni röskun).

Hér tengdum við Örne Valsdóttur með víðhygli hugtakið.

Afburðabörn eru fullkomnunarsinnar. Þau vilja ná 100% árangri eða meira en þau vita að það er ekki hægt.

Námskrá og viðfangsefni:

Henk sagði okkur frá því að í USA og fleiri stöðum hefur verið skoðað hvað verður um feril þessara afburðabarna. Aðeins 16% af þeim fara úr háskóla með lokapróf. Þetta kemur til vegna þess að þau passa illa í kerfið. Kerfið hefur ekki gert þeim kleift að nýta hæfileika sína og hugsanlega skemmt hluta af þeim hæfileikum sem þau búa yfir með því að breyta hugsanagangi þeirra með niðurnjörfuðu skólastarfi í smá bútum.

“Their creativity is killed in schools” sagði Henk og vísaði til TED hjá Ken Robinson og Sugata Mitra. Hér rifjuðum við upp það sem Hjalmar sagði okkur frá um flipped classroom.

Henk vísaði til Youtube mundbands um “The Powers of ten”. Eames er húsgagnahönnuður sem ýmsir kannast við og hann hefur verið einn af þeim sem hefur skoðað það hvernig við hugsum.

Þau hafa þróað námskrá sem þau kalla Journey through the world of knowlwdge.

Hún byggir á þrennu:

Top down. Að byrja á flóknum atriðum eða yfirhugtökum og vinna svo niður í smærri og einfaldari atriði.

Big picture. Byrja á heildarmyndinni en ekki skipta efninu í búta heldur leyfa nemendum að gera það.

Deep level learning.

Hvað er? spurningar eru yfirborðs þekking og googleable stuff. T.d. Hvað er Igloo?

Ef við byrjum ekki bara á því að komast að því að Igloo er snjóhús heldur byrjum á dýpri spurningum munu nemendur einfaldlega strax finna hvað er Igloo en ekki láta þar við sitja heldur halda áfram. Þá notum við spurningu eins og: Why is the Igloo round?

Þetta er deep level learning?

Námsefni og viðfangsefni í því sem þau gera er aðallega deep level learning.

Henk sýndi okkur veggspjöld sem sýna stóru myndina af ýmsum viðfangsefnum. Ætlunin er að vekja áhuga og gefa nemendum möguleika á að vinna í smáum hlutum en geta alltaf farið til baka í stóru myndina. Þau byrja á heildarmyndinni en geta alltaf farið ofaní smáatriði og dýpkað þekkingu á ákveðnum sviðum. Þau eru komin af stað með námsefni til að nota með þessum nemendahópum en eitthvað virðist enn vera eftir að þróa og gera í því.



Og líka bátar í Almere.

Hópurinn frá VMA þakkaði fyrir góðar móttökur og athyglisverðar upplýsingar um það að við getum og þurfum að sinna nemendum með mismunandi þarfir. Það skólastarf sem er algengast í skólum á Íslandi og vesturlöndum yfirleitt tekur til miðhluta hópsins, hugsanlega oft þeirra sem eru um miðjuna og ofar henni í mælingum á einhverju sem má kalla hæfileikar til að læra efnið utanað í smá bútum og vinna með skrifleg viðfangsefni í meirihluta. Við reynum líka að sinna einhverju af sérþörfum þeirra nemenda sem gengur illa eða eru nánast ekki sjálfbjarga en það má velta fyrir sér hvort við komum til móts við þau börn sem eru hvað fljótust að læra og hafa mesta yfirsýn og þörf fyrir að tengja allt saman. Svo er líka eftir hópurinn sem hentar illa skrifleg vinna og utanaðlærdómur í bútum en eru ekki afburðagreind. Getur veirið að það sé sá hópur sem við erum oftast að sjá að gangi illa hjá okkur?

Vill VMA t.d. skoða þetta með afburðanemendum? Getur MA sinnt þeim krökkum? Hvað er gert í MA ef einhver vill taka meira eða ljúka á eigin spýtur námi og halda áfram hraðar en aðrir?

Við tökum svo lestina kl. 15.25 frá Hilversum Sportpark til Almere. Veðrið var dásamlegt, nálægt 20°C, dálítil gola og bjart. Við stöldruðum við og fengum okkur hressingu í Almere City Mall áður en við fórum á hótelið. Svo kom smá skammtur af tölvupósti, verslun og kvöldverði, flestir orðnir vel þreyttir.

Fimmtudagur 6. júní 2013

Nú var alveg frídagur.

Fólk fór saman í stærri og minni hópum. Sumir voru um kyrrt í Almere og notuðu daginn í gönguferðir, innkaup og að hafa það gott. Aðrir tóku lest til Amsterdam, farið var í verslanir, Rijksmuseum var skoðað og svo frv. Ennþá einu sinni var veðrið eins og best var á kosið. Sólskin að mestu, rúmlega 20°C um miðjan daginn og fólk naut þess að skoða framandi slóðir. Holland er greinilega tæknivætt og skipulag og snyrtimennska í hávegum höfð. Bæði í Amsterdam og Almere eru verslanir og veitingahús úr alþjóðlegum keðjum.

Við tókum eftir því að líklega er Almere hreint ekki fjölfarinn ferðamannastaður. Enginn úr hópnum rakst á minjagripa eða neitt sem merkt var borginni sérstaklega. Það var hinsvegar nægilegt af því í Amsterdam.



Göngugata í Almere.

Föstudagur 7. júní 2013

Morgunverður og pakka í töskur. Það er mögulegt að eitthvað hafi bæst við í töskurnar eftir innkaup. Jafnvel hugsanlegt að erfiðara hafi verið að loka einhverjum þeirra en þegar farið var frá Íslandi.

Ennþá einu sinni var veðrið nákvæmlega eins og okkur dreymir um á Íslandi. Dálítið svalara er að morgni og kvöldi en sólskin og hitinn kominn í um 20 °C um kl. 11 þegar rútan fór frá Hotel Apollo í Almere. Við ókum til Schiphol og komin þar út við Departures 3 um kl. 11.45.

Þá tók við innritun á borði 20 en einhverjir byrjuðu í Tax free afgreiðslu við innritun 22 og skiluðu svo farangri í innritun.

Þrátt fyrir að Icelandair innriti í brottfararsal 3 (Departures 3) þá áttum við að mæta í hlið C9 og þurftum þá að ganga í gegnum báða hina innritunarsalina. Vopnaleit tók smástund og svo rjátl um flugstöðina, Duty Free og slíkt. Hleypt um borð um kl. 13.30 og ýtt frá nákvæmlega 11.59. Þá tók við það sem líklega er einhver lengsti akstur á flugvelli í heiminum eða rúmlega 18 mínútur. Þotan ók yfir þrjá vegi og við einn þeirra var síki. Fórum í loftið um kl. 12.20.



Icelandair þota á Schiphol flugvelli.

Flugið var prýðilegt en ýmsir urðu mjög hissa þegar ekki var hægt að fá nánast nokkuð að borða í vélinni. Maturinn (samlokur og fl.) hafði næstum klárast á útleiðinni og afgangurinn hvarf í þá sem fengu fyrst þjónustu.

Við lentum á Keflavíkurflugvelli kl. 15.10 að íslenskum tíma og búin að vera 2 klukkustundir og 50 mínútur á leiðinni.

Eftir fríhöfn, farangursheimtur og ferðir í gegnum tollinn var lagt af stað kl. 16.15.

Það var 11°C hiti og sunnangola og dropar féllu á okkur á leið frá flugstöð að rútu. Það hlýtur að vera merkileg hugsun sem kemur fram í því hvernig rúrustæði fyrir komufarþega eru skipulögð við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

SBA rútan skilaði okkur að VMA um kl. 22.00 eftir að við stoppuðum í Borgarnesi til að fá fóður og á Blönduósi til að skila af okkur vökva.

Óhætt er að segja að þessi ferð var ferðarinnar virði. Hópurinn þéttist vel og upplifði talsvert af nýjungum eða að minnsta kosti talsvert af öðrum aðstæðum en við erum von. Vegna þess að hópurinn er samsettur af fólki úr mörgum áttum og mörgum deildum VMA mun verða hægt að vinna úr þessu frá mörgum sjónarhornum.

Allar ábendingar, leiðréttingar og athugasemdir við þessa ferðasögu / skýrslu eru vel þegnar. Ef lesendur sjá að eitthvað er rangt, hægt er að bæta við upplýsingum eða eitthvað skilst ekki, vinsamlega látið vita.

Kærar þakkir fyrir mig. Jóhannes Árnason, jarn@vma.is